

# HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2020

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2020 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 28. ágúst 2020.



## Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2020 var 374 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2019 upp á 499 m.kr.

EBITDA lækkar um 7,4% en hún var á fyrri helmingi ársins 2020 1.315 m.kr. (35,6%) á móti 1.419 m.kr. (38,8%) á sama tímabili árið

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 30. júní 2020 er 46,6% en var 43,2% á sama tíma 2019.

Veltufjárhlutfall var 1,67 þann 30. júní 2020 samanborið við 2,12 í árslok 2019.

Hluthafar félagsins eru fjórir:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%
Suðurnesjabær	0,10%

## Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2020 nam 374 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2019 upp á 499 m.kr. Þetta er minnkun hagnaðar upp á 125 m.kr. sem skýrist m.a. af minni tekjum af raforkudreifingu, ferskvatnssölu, tengigjöldum og á árinu 2019 var söluhagnaður fasteignar 50 m.kr. Síðan kom til hækkun nokkurra rekstrarliða eins og á dreifitöpum, rekstri hitaveitukerfa í Eyjum og rekstri ferskvatnsdeildar Suðurnesjum auk hækkunar á fjármagnsliðum.

Tekjur hækkðu um 0,9% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2020, 3.689 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.818 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.252 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 367 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 252 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2019 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 3.655 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.831 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.148 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 367 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 294 m.kr.

Kostnaðarverð sölu lækkaði um 6,8% á milli ára og nam 2.473 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2020 (67% m.v. tekjur) á móti 2.316 m.kr. á sama tímabili 2018 (63,4% m.v. tekjur). Kaup á heitu og köldu vatni, raforku og rafokuflutningi hækka í heild um 76 m.kr. en rekstur megindeilda hækkar samtals um 65 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður er nánast óbreyttur milli tímabila, var 399,5 m.kr. á fyrri helmingi 2020 og 400 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2019.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 390 m.kr. fyrir hluta ársins 2020 á en voru neikvæð upp á 363 m.kr. á sama tímabili 2019, eða alls hækkun á milli ára um 27 m.kr. Fjármunatekjur lækka úr 92 m.kr. árið 2019 í 51 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2020, vaxtagjöld lækka úr 245 m.kr. í 235 m.kr. og verðbætur lækka úr 210 m.kr. í 206 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 52 m.kr. fyrir fyrri hluta 2020 á móti 77 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2019. Rétt er að benda á að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 152 m.kr. en var jákvæð um 177 m.kr. á sama tímabili árið 2019.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2020 er 1.315 m.kr. (35,6%) á móti EBITDA 1.419 m.kr. (38,8%) fyrir sama tímabil árið 2019.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2020 bókfærðar á 30.665 m.kr. og lækkuðu um 190 m.kr. frá ársbyrjun og um 134 m.kr. frá sama tíma árið 2019. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2020 námu alls um 827 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 628 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 97 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 49 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 53 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í fastafjármunum 1.285 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.015 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 183 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 51 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 36 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru 7 m.kr. á móti 19 m.kr. árið áður og seldar eignir voru 7 m.kr. á móti 70 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 14.276 m.kr. þann 30. júní 2020 (eiginfjárhlutfall 46,6%) en eigið fé í ársbyrjun var 14.403 m.kr. (eiginfjárhlutfall 46,7%) og 13.309 m.kr. (43,2%) á sama tíma 2019.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2020 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á fyrri helming ársins hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur hf séu vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID-19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjárstöðu.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2020		01.01 - 30.06. 2019		Breyting milli ára
		%		%	
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	3.688.575	100,0%	3.655.214	100,0%	0,9%
Kostnaðarverð sölu	( 2.473.133 )	( 67,0% )	( 2.315.936 )	( 63,4% )	6,8%
<b>Vergur hagnaður</b>	1.215.442	33,0%	1.339.278	36,6%	( 9,2% )
Annar rekstrarkostnaður	( 399.502 )	( 10,8% )	( 400.022 )	( 10,9% )	( 0,1% )
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	815.940	22,1%	939.256	25,5%	( 13,1% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 390.029 )	( 10,6% )	( 362.964 )	( 9,9% )	7,5%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	425.911	11,5%	576.292	15,8%	( 26,1% )
Tekjuskattur	( 52.373 )	( 1,4% )	( 77.453 )	( 2,1% )	( 32,4% )
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	373.538	10,1%	498.839	13,6%	( 25,1% )
	<b>30.6.2020</b>		<b>31.12.2019</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	27.806.113	90,7%	27.479.576	89,1%	1,2%
Veltufjármunir	2.858.473	9,3%	3.375.102	10,9%	( 15,3% )
<b>Eignir samtals</b>	<b>30.664.586</b>	100,0%	<b>30.854.678</b>	100,0%	( 0,6% )
Eigið fé	14.276.156	46,6%	14.402.618	46,7%	( 0,9% )
Langtímaskuldir	14.676.001	47,9%	14.860.457	48,2%	( 1,2% )
Skammtímaskuldir	1.712.429	5,6%	1.591.602	5,2%	7,6%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>30.664.586</b>	100,0%	<b>30.854.677</b>	100,0%	( 0,6% )
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	1.314.531	35,6%	1.419.383	38,8%	( 7,4% )
Veltufjárhlutfall	1,67		2,12		( 21,3% )
Eiginfjárhlutfall	46,6%		46,7%		( 0,3% )

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.